

Lífsháski dagsins

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsið

Sjálfsmyndir John Coplans

Til 17. apríl. Opíð alla daga frá kl. 10–17.

ÆVI John Coplans (1920–2003) var ævintýri líkust, fátt virðist hann hafa látið ógert. Í heimsstyrjöldinni síðari var hann liðsforingi fótgönguliða í Afríku, eftir stríð gerðist hann abstraktmálari í London. Hann flutti síðan til Bandaríkjanna og um svipað leyti var hann einn af stofnuðum listatímaritsins Artforum. Í allmörg ár vann hann sem gagnrýnandi, skrifaði um myndlist og var sýningarstjóri. Hann ritstýrði Artforum um skeið og birti m.a. greinar eftir Rosalind Krauss og fleiri sem áttu eftir að hafa mikil áhrif með skrifum sínum. Það var ekki fyrr en um 1980, þegar hann var sextugur að aldri, að hann fór að taka ljósmyndir þær sem hann er þekktastur fyrir í dag, svarthvítar myndir af eigin líkama, höndum og fótum, handleggjum og fótleggjum, líkamshlutum en aldrei andlíti. Sýningin í Hafnarhúsi ber titilinn Líkamshlutar en þar má sjá nokkurn fjölda mynda sem hver og ein er samsett úr tveimur nokkuð samhverfum myndum þannig að á hverri mynd verður til eins konar furðuvera með sjálfstætt líf. Líkami Coplans, hrukkótt og stundum slapandi húðin, sprungnar æðar á lærum, loðin lafandi eistu og skjaldbökgulegir olnbogar, er mannlegur og dauðlegur. En um leið og hrörnun, flug tímans og endalokin eru stór þáttur þessara mynda, hverfullleiki æsku og hreysti og óumflýjanleiki ellinnar, verður einnig af þeim ljósara en nokkru sinni að líkami okkar er aðeins hulstur og að kjarna sálarinnar er annars staðar að finna. Þannig verður áherslan sem Coplans leggur á hrörnun og elli ef til vill til þess að vekja upp andstöðu sína, trúna á eilíft líf. Lífsháski hversdagsins kemur fram í hverri hrukku og misfelli húðarinnar, viðkvæmni þess líkama sem er farartæki okkar í þessu lífi, snertir áhorfandann en án tilfinningasemi. Í stað þess að vekja upp ótímabær-



Sjálfsmyndir Johns Coplans.

an ótta við endalokin eða yfirvofandi hættur sem steðja að í nútímasamfélagi, þar sem dauðinn blasir við dag hvern í forsiðum blaðanna og á fréttaskjánum, í forni slysa, hryðjuverka eða náttúruhamfara, verða myndir Coplans til að styrkja trúna á að handan við allt þetta búi stærra samhengi, þær vekja upp æðruleysi. Ef til vill bjó Coplans sjálfur yfir slíku æðruleysi, hver veit, að minnsta kosti bjó hann yfir styrk til þess að hugsa sjálfstætt og hafa eigin skoðanir. Þessi hlíð er þó aðeins einn þáttur mynda Coplans, þær búa

einnig yfir tilvísunum í höggmyndalist í gegnum aldirnar, brotakennd þeirra er í samræmi við samfélag þar sem oft á tíðum er erfitt að öðlast heildarsýn, blygðunarleysið við að sýna eigin líkama og ellimörk er áleitinn ádeila á æskudýrkun fjölmíðla og kvikmynda. Það er líka hægt að velta þessum myndum fyrir sér í samhengi við sjálfsmyndir listamanna og sögu ljósmyndarinnar. Eilítið furðuleg samhverfan sem Coplans velur að nota hér vekur síðan upp spurningar sem ég fæ ekki svarað, þær furðuverur sem skapast minna



einna helst á barnslegan leik og ég rífa upp fyrir mér sjónblekkingarleiðin sem mér var sýndur þegar ég var lítil og er svona: Látið visifingur mætast og fingurgómanna snertast. Horfið síðan á punkt handan við fingurna og sjáið útdundan ykkur hvernig lítil, sjálfstæð „fingurpúlsa“ myndast á milli fingurgómanna. Færið þá aðeins í sundur og þessi sjálfstæða eining, sem er sjónblekking, svífur í lausu lofti. Þáttur hins barnslega leiks og frumstæðrar forvitni um sjónrænan galdur tilverunnar og tilvist eigin líkama er þannig óaðskilj-

anlegur hluti af hinni margræðu rannsókn Coplans á formum og samsetningum, lífinu og tilverunni. Það er sannarlega óhætt að segja að heimsókn í Hafnarhúsið sé áhugaverð um þessar myndir en sýningarnar þrjár sem þar eru; sýning Coplans, verk Gabrielu Fríðriksdóttur frá Feneyjatvíæringnum og málverk Kristínar Halldórsdóttur Eyfells, nálgast allar kjarna lífsins og spyrja áleitinna spurninga um líf og dauða á afar mismunandi hátt.

Ragna Sigurðardóttir

Lesbók

mælir með...

Tónlist

Myrkum músikdögum. Hátíðin hefst í dag og verður fram haldið í rúma viku með daglegu tónleikahaldi í Laugarborg í Eyjafirði, Salnum, Langholtskirkju, Ými, Háskólalábi og Norræna húsinu. Hátíðin er einfaldlega langbesti vettvangurinn til að heyrja það nýjasta í íslenskum tónsmíðum. Tónleikar Ingólfs Vilhjálmssonar bassaklarinetuleikara og Tobiasar Guttman slagverksleikara í Ými kl. 16 á morgun og Laugarborg kl. 20.30 á mánudagskvöld ættu að verða sérstaklega forvitnilegir, enda verða þar frumflutt fimm íslensk verk.

Leiklist

Við mælum með **Mindcamp** í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Það er leikhópurinn Sokkabandið sem sett hefur sýninguna saman undir stjórn Egils Heiðars Antons Pálssonar. „...það var tími til kominn að á íslensku leiksviði væri sett fram á svo myndrænan hátt spurningin um hvaða tilgangi eiginlega söluvaran leiksýning þjóni...vonandi drifur leikhúsfólk sig í Fjörðinn... til hamingju Mind Camp...“

Myndlist

Óvenjulegum gjörningi sem hófst í Nýlistasafninu 1. febrúar lýkur á morgun með sýningarstjóraspjalli Ragnars Kjartanssonar í safninu kl. 15 og málþingi er hefst kl. 16. Mynd- og tónlistarmaðurinn Curver Thoroddsen stendur að þessum gjörningi sem hverfist um nafnbreytingu á þrítugasta af-



Munich „...sláandi mynd og í alla staði vel gerð...“

mælisdegi hans – hann tekur nú alfarið upp nafnið Curver. Undanfarna daga hafa ýmsar uppákomur verið í Nýlistasafninu af þessu tilfni. Að sjálfsögðu er ómögulegt að segja fyrir um hvort nafnbreytingin muni hafa einhver áhrif á sjálfsvitund listamannsins – og þá um leið listsköpun hans – en í öllu falli gæti verið áhugavert að skoða ummerki þessara umskipta í Nýlistasafninu.

Kvikmyndir

Myndin **Munich** eftir stórleikstjóran Steven Spielberg fékk fullt hús stiga í

Morgunblaðinu og er þar kölluð stórfengleg ádeila. Nafnið dregur hún af blóðbaðinu tengdu Ólympíuleikunum í borginni árið 1972, en umfjöllunarefnið er eftirhreyturnar. „Munich er sláandi mynd og í alla staði vel gerð og Spielberg, sem hvílir okkur á brellum og öðrum þreyttum vörumerkjum sínum, á heiður skilinn fyrir dug og þor, fyrir utan gamalkunna fagmennskuna. Vonandi opnar hans kvalafyllsta en besta mynd um árabíl augu fleiri en hins almenna áhorfanda. **Munich** er tímabært stórvirki sem á erindi við alla,“ sagði m.a. í fimm stjörnu dómi Sæbjörns Valdimarssonar.

Lesarinn

Gangsters – skáldsaga eftir Klas Östergren; Albert Bonniers förlag, Stockholm 2005 og Höfuðlausn – skáldsaga eftir Ólaf Gunnarsson; JPV útgáfa, Reykjavík 2005.

Síðan í haust hef ég mjakað mér hægt inn í heim **Gangsters** eftir Östergren. Ég kynntist skrifum hans þegar ég bjó í Stokkhólmi. **Gentlemän** hét fyrsta stóra verkið. Svo lá hann í leynd fyrir tíðinni og því sem verða vildi, þýddi fjölmörg leikrit, gaf út minni verk. Í sumum, 25 árum síðar, kom svo **Gangsters**, hátt í 500 síður, fjallar um sama fólk og **Gentlemän** en öllu er snúid á hvolf. Þeir sem áður virtust opnir og glaðir Stokkhólmarar að uppgötva lönd og hugsanir eru í nýju bókinni misjafnt þenkjandi figúrur með fortíð. Sagan á sér heillandi umgjörð í Stokkhólmi, hugsanir og senur fléttast saman í spennandi för um samtíðina og tengist í huga mér ýmsu eftir Ólaf Gunnarsson. Ég byrjaði um daginn á **Höfuðlausn** Ólafs, nýju bókinni. Stíllinn er opinn og einlægur, svo hlýr og ástríkur. Klas er flókarni en Óli enda heimur hans íðandi og angandi af aldadrjúpri fortíð og spegilmyndir hans eins og úr diskókúlu sem snýst. Ólafur er hreinni og beinni. Klas og Óli Gunn – veitulir félagar í Reykjavíkurrökrinu. Gunnar Gunnarsson



Gunnar Gunnarsson

Dagbókarbot

Úr dagbók **Virginiu Woolf**, 2. febrúar 1933.

Ékki það að mig langi til að flytja í mars með **The Pargiters** ókláraða. Ég ætla hvort sem er að vinna mikið, helling, frjósamlega að þeirri bók. Í dag lauk ég – eiginlega endanlegar en vanalega – við að fara yfir fyrsta kaflann. Ég sleppi milliköflunum – felli þá inn í meginmálið: og bý til viðauka með dagsetningum. Góð hugmynd?